



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um niðurskurð í heimastuðningi

Þann 11. janúar 2023 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um niðurskurð í heimastuðningi:

Hefur verið skorið niður í heimastuðningi á árinu 2022 eða á þessu ári? Ef svo er hversu mikill er niðurskurðurinn? Einnig er spurt um áætlanir fyrir árið 2023 hvað varðar heimastuðning. Stendur til að skera niður í þeirri þjónustu og ef svo er, hversu mikið? Fulltrúa sósíalista hafa borist ábendingar þess efnis að breytingar hafi verið gerðar á heimastuðningi, þar sem dregið hefur verið úr stuðningi í formi heimilisprífa þrátt fyrir að ekkert hafi breyst í stöðu umsækjenda. Óskað er eftir skýringum á þessu.

Svar:

Ekki hefur verið skorið niður fjármagn í heimastuðning á árinu 2022 en heimastuðningur sætti 1% hagræðingu á laun eins og aðrar rekstrareiningar velferðarsviðs á þessu ári. Ekki stendur til að skera niður fjármagn til heimastuðnings árið 2023.

Framkvæmd heimastuðnings fer fram í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Í 13. grein reglnanna kemur fram að þegar færni notanda til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytast skuli endurmeta stuðningsþörf.

Verkefnum í heimastuðningi er forgangsraðað. Forgangsröðun grundvallast á mati á þjónustupörf, umfangi og eðli þeirrar þjónustu sem þörf er fyrir. Áherslubreyting hvað varðar forgangsröðun var gerð með nýjum reglum sem tóku gildi þann 1. febrúar 2022 en í forgangsflokk 4 raðast þeir sem eru með væga stuðningsþörf þ.e. eru sjálfbjarga en þurfa leiðbeiningar, þjálfun og stuðning við heimilishald s.s. með almennum heimilisprífum. Gert er ráð fyrir að þeir fái almenn heimilispríf einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði.